

67. kirkjuþing 2025-2026
17. mál – þskj. 17d.
Frá 66. kirkjuþingi 2024-2025

Nefndarálit og breytingartillaga
við tillögu að starfsreglum um fjármál Þjóðkirkjunnar.

Frá löggjafarnefnd.
Frsm: Óskar Magnússon.

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið. Þá hefur nefndin fjallað um breytingartillögur sem lagðar voru fram við aðra umræðu á kirkjuþingi í mars. Löggjafarnefnd hefur jafnframt kynnt sér minnisblað dr. Bjarna Snæbjarnar Jónssonar þar sem fjallað er um tillöguna og lagðar til nokkrar breytingar sem nefndin hefur fallist á.

Löggjafarnefnd leggur til að Kristnisjóður sé ekki sérgreindur lengur en bendir á að fylgja skuli áður tilgreindum verkefnum sjóðsins þegar unnið er að úthlutunum, sbr. áður II. kafla laga um Kristnisjóð o.fl. nr. 35/1970, með síðari breytingum.

Löggjafarnefnd leggur til að að tillagan á þingskjali 17a verði samþykkt með eftirfarandi

breytingartillögu:

1. gr.

4. gr. tillögunnar orðast svo:

Framkvæmdastjóri vinnur á hverju ári fjárhagsáætlun til fimm ára og leggur fyrir stjórn Þjóðkirkjunnar til umræðu. Stjórnin ræðir framlagða tillögu og tekur ákvörðun um að leggja fyrir Kirkjuþing á áskildum tíma. Skal við það miðað, að fyrsta ár fimm ára áætlunar sé grunnur að fjárhagsáætlun næsta árs. Skal því jafnframt lögð fram ítarleg fjárhagsáætlun fyrir næsta reikningsár sem skal sundurliðuð í samræmi við ákvæði 5. og 6. gr. Drög fjárhagsáætlunar liggi fyrir eigi síðar en í september ár hvert og skal kynna þau kirkjuþingsfulltrúum og öðrum helstu hagaðilum. Um málsmeðferð vegna úthlutunar styrkja fer samkvæmt verklagsreglum.

2. gr.

5. gr. tillögunnar orðist svo:

Fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár skal sett fram með áætluðum heildartekjum, þ.m.t. sértekjum Þjóðkirkjunnar á árinu svo og með heildargjöldum. Fjárhagsáætlun skal sett fram í samræmi við almennt viðurkennd og góð viðmið við gerð slíkra áætlana og skal m.a. gæta samræmis við uppsetningu bókhalds Þjóðkirkjunnar. Stjórn Þjóðkirkjunnar setur nánari verklagsreglur um framsetningu fjárhagsáætlunar.

3. gr.

6. gr. tillögunnar orðist svo:

Í fjárhagsáætlun, bæði langtíma og fyrir næsta fjárhagsár, skal gera ráð fyrir framlagi af árlegu gagngjaldi ríkisins á grundvelli viðbótarsamnings íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar frá 6. september 2019 til verkefna Jöfnunarsjóðs sókna., sbr. áður II. kafla laga um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987, með síðari breytingum, er skal aldrei vera lægra en 10%. Sé talin nauðsyn á að skerða fjárheimild til þessara liða frá því lágmarki sem ákveðið er í starfsreglum þessum, skal sú ákvörðun tekin á kirkjuþingi og þarf 2/3 hluta atkvæða miðað við fullskipað þing.

4. gr.

7. gr. tillögunnar orðist svo:

Umsóknir um styrki samkvæmt 6. gr. skulu berast framkvæmdastjóra Þjóðkirkjunnar fyrir 1. september ár hvert og skal framkvæmdastjóri hafa lokið úthlutun 1. febrúar árið á eftir. Styrkir skulu að jafnaði greiðast á því ári sem þeir eru veittir. Ef brýna nauðsyn ber til, má, að ósk styrkþega, færa styrk milli ára einu sinni, s.s. ef framkvæmdir hafa farið seint af stað eða ekki hefur verið unnt að greiða út styrkinn af öðrum ástæðum. Sé ekki hægt að greiða styrkinn út innan þess tíma fellur styrkur niður. Beiðni um yfirfærslu á næsta ár skal lögð fram fyrir 1. desember úthlutunarárs. Umsækjendur um styrki eiga rétt á rökstuðningi óski þeir þess.

5. gr.

8. gr. tillögunnar fellur brott.

6. gr.

9. gr. tillögunnar verður 8. gr. og orðast svo:

Framkvæmdastjóri skal hafa lokið yfirferð yfir allar umsóknir fyrir 15. nóvember og leggja tillögur að úthlutun fyrir stjórn Þjóðkirkjunnar. Þá skulu tillögur að úthlutunum sendar til umsagnar héraðsnefnda. Heimilt er að veita vilyrði fyrir styrk til allt að fjögurra ára. Stjórn Þjóðkirkjunnar setur nánari verklagsreglur í samráði við framkvæmdastjóra um málsmeðferð vegna úthlutunar styrkja, samkvæmt starfsreglum þessum.

7. gr.

10. gr. tillögunnar verður 9. gr. og orðast svo:

Fjárhagsáætlun komandi árs skal samþykkt á haustþingi ár hvert. Framkvæmdastjóri annast um framkvæmd samþykkrar fjárhagsáætlunar. Mánaðarlega skal stjórn Þjóðkirkjunnar yfirfara rauntölur úr rekstri í samanburði við fjárhagsáætlun í samræmi við góða starfshætti.

8. gr.

11. gr. verður 10. gr. , 12.gr. verður 11. gr og 13. gr. verður 12. gr.

Jóhanna Gísladóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Reykjavík, 15. október 2025.

Löggjafarnefnd.

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Bryndís Malla Elíadóttir, form.

Elínborg Sturludóttir.

Konráð Gylfason, varaform.

Kristrún Heimisdóttir.

Magnús Erlingsson.

Óskar Magnússon.

Stefán Magnússon.